

## Upplýsingar um val í þriðja bekk vor 2018

Raungreinasvið og tungumála- og félagsgreinasvið

Nú er komið að því að nemendur í 3. bekk velji sér valgreinar fyrir skólaárið 2018-2019. Nemendur taka að lágmarki 15 einingar í frjálsum vali, eða þrjá áfanga, einn á vorönn í 3. bekk, annan á haustönn í 4. bekk og þann þriðja á vorönn í 4. bekk.

Frjálst val gefur nemendum tækifæri til þess að víkka eða dýpka þekkingu sína á ýmsum sviðum. Af þessum sökum hafa sumir áfangar **undanfara** en aðrir ekki. Mikilvægt er að nemendur kynni sér kröfur um undanfara áður en þeir velja áfanga. Þegar nemendur velja sér áfanga er gott að hafa í huga það nám sem stefnan er sett á í háskóla og skoða **aðgangsviðmið** viðkomandi skóla/deildar. Með frjálsa valinu er hægt að bæta við áföngum sem mælt er með að nemendur hafi sem grunn í tilteknu námi í háskóla.

Áfangalýsingar er að finna á heimasíðu skólans undir hlekknum **Valgreinar**, þar er bæklingur sem heitir **Valgreinabæklingur vor 2018** með stuttri lýsingu á hverjum áfanga. Athugið vel hver undanfari hvers áfanga er, þ.e. hvaða áföngum þið þurfið að hafa lokið til að geta skráð ykkur í tiltekna áfanga.

Mikilvægt er að þú kynnir þér vel **reglur um val** sem fram koma í valgreinabæklingi á bls. 4.

**Mánudaginn 26. febrúar (námsmatsdagur) verður opið hús hjá brautastjórum og námsráðgjöfum í kjallara Gamla skóla.** Þá getið þið komið og fengið ráðgjöf og leiðbeiningar um val á áföngum.

**Þú skráir valið þitt í Innu** og í valgreinabæklingi er að finna ítarlegar leiðbeiningar um hvernig sú skráning fer fram.

**Síðasti dagur til að skrá val í Innu er föstudagurinn 2. mars.** Brautastjórar verða með aðsetur í Kvosinni fimmtudag 1. mars og föstudag 2. mars og aðstoða nemendur við skráningu. Námsráðgjafar verða einnig til aðstoðar við val og skráningu.

**- SÍÐASTI DAGUR TIL AÐ SKRÁ VAL Í INNU ER FÖSTUDAGUR 2. MARS -**

## Áfangar í boði fyrir 4. bekk skólaárið 2018-2019

HAUSTÖNN				VORÖNN			
Áfangi	Áfangaheiti	TFS	RGS	Áfangi	Áfangaheiti	TFS	RGS
BHBL2VA05	Bætt heilsa, betri líðan	x	x	EÐLI4NU05	Nútímaeðlisfræði		x
BÓKF1DH05*	Bókfærsla	x	x	EFNA4VE05	Verkleg efnafræði		x
ENSK3CR05	Art of Crime	x		ENSK3GL05	Gothic Liteature and Film	x	x
FÉLA2AP05	Alþingi	x	x	FÉLA2MF05	Mannfræði	x	x
FÉLA3KY04	Kynjafræði	x	x	FÉLA3AB05	Afbrotufræði	x	
HÖTE2PH05*	Prjón og hekl	x	x	FRAN2PA05	París	x	x
ÍSLE2KM05	Íslenskar kvikmyndir	x	x	ÍSLE2LI05	Leikhús og listir	x	x
ÍÞR2VA05	Íþróttufræði/þjálfufræði	x	x	ÍÞR3V050	Íþróttir í 4. bekk	x	x
JARÐ2VH05	Veður og haffræði	x	x	KFRT2KF05	Kvikmyndafræði	x	x
MYNL1GR05	Myndlist	x	x	LÍFF3VU05	Umhverfisfræði	x	x
NÆRI3GR05	Næringarfræði	x	x	LJÓS1GR05	Ljósmyndun	x	x
SAGA3LH05	Saga listar og hönnunar	x	x	NÆRI3GR05	Næringarfræði	x	x
SAGA3VS05	Vísindasaga	x	x	RAUN3UI05	Undirbú. f. inntökupróf		x
SÁLF2JS03	Jákvæð sálfræði	x	x	SAGA3KV05	Saga 20. aldar	x	x
STÆR3FF05	Fallafræði	x		SÁLF3HE05	Heilsusálfræði	x	x
STÆR3LA05	Línuleg algebra		x	SJÓN1TF05*	Sjónlistir	x	x
VIÐS2MS05*	Markaðsfræði	x	x	STÆR3TF05	Tölfræði	x	
VÍMA2LL05	Víman, listin lífið	x	x	STÆ3P050	Tölvustærðfræði og forritun		x
				VIÐS1VV05*	Íslensk stjórnskipan	x	x
				ÞÝSK2BE05	Berlín	x	x
<b>Utan blokka</b>				<b>Utan blokka</b>			
ÍSLE2YN05	Yndislestur			ENSK3PL05	Yndislestur		
JARÐ2ÚT05**	Jarðfræði, útivist			ÍSLE2YN05	Yndislestur		
ÞÝSK2BE05	Berlín			STJÖ3AL05	Stjarneðlisfræði	Bara fyrir RGS	
ENSK3PL05	Yndislestur						
*Áfangi kenndur í VMA							
**Heilsársáfangi				*Áfangi kenndur í VMA			

